



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fyrir hönd stúdenta krefst Stúdentaráð Háskóla Íslands endurgreiðslu á atvinnuþryggingagjaldi sem greitt hefur verið af launum stúdenta frá árinu 2010.

Með því að stunda háskólanám fyrirgerir vinnandi fólk rétti sínum til atvinnuleysisbóta, þrátt fyrir að greitt hafi verið atvinnuþryggingagjald af launum þeirra í atvinnuleysistryggingasjóð.

Samkvæmt 3. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990 renna tekjur ríkisins af atvinnuþryggingagjaldi, sem greitt er af launum starfsfólks, til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga. Í dag er gjaldið 1,35% af launum alls vinnandi fólks, þar á meðal stúdenta.

68% íslenskra stúdenta vinna samhliða námi og 87% íslenskra stúdenta vinna á sumrin. Verði þeir svo án atvinnu eiga þeir engan rétt á bótum úr atvinnuleysistryggingasjóði, þrátt fyrir að greitt hafi verið umrætt atvinnuþryggingagjald af launum þeirra. Hvers vegna? Því þeir eru námsmenn. Námsmenn eiga að treysta á LÍN, og eiga ekki að njóta verndar atvinnuþryggingakerfisins. Það hefur þó ekki alltaf verið þannig. Fram til 1. janúar 2010 höfðu vinnandi stúdentar jöfn réttindi til atvinnuleysisbóta í námshléum á við annað vinnandi fólk, en sá réttur var afnuminn með lögum nr. 134/2009. Samhliða þeirri breytingu hefði verið réttast að atvinnuþryggingagjaldið myndi renna í vasa vinnandi stúdenta í stað þess að renna í atvinnuþryggingasjóð, sem þeir eiga þá engan rétt á að sækja í verði þeir atvinnulausir. Greiðsla í sjóðinn af launum námsmanna hefur verið án réttinda sem annars fylgja almennt gjaldinu og því umfram skyldu að mati SHÍ.

Ástæður þess að fólk vinnur með námi er í 86% tilfella til að eiga fyrir framfærslu sinni. 71% stúdenta vinna því annars hefðu þeir ekki efni á því að stunda nám. Á Íslandi stunda um 17.000 manns háskólanám, þar af 13.000 í Háskóla Íslands en þar vinna 69% stúdenta með námi.

Margt smátt gerir eitt stórt en ef miðað er við að 70% námsmanna vinna samhliða námi, í hálfu starfi, og 90% þeirra vinna fullt starf að sumri á lágmarkslaunum síðustu 10 ára nema atvinnuþryggingagjöld (1,35% launa) þess hóps yfir 3,9 milljarða króna og hefur Stúdentaráð lagt fram kröfu vegna þess. Raunin er þó reyndar sú að skv. Eurostudent vinna stúdentar að meðaltali 26 klst. á viku. samhliða námi, sem er nær 70% starfshlutfalli. SHÍ telur ljóst að atvinnuþryggingargjöld vinnandi námsmanna skapa milljarða af tekjum atvinnuleysistryggingarsjóði frá árinu 2010 og því fráleitt að þeir hafi verið án réttinda úr sjóðnum síðan þá.